

Innmötun raforku

Gildir frá 01.08.2025

A) Greiðslur virkjunaraðila:

Innmötunargjöld eiga við allar vinnslueiningar yfir 16 A að stærð sem framleiða raforku inn á dreifikerfi Veitna. Árlegt fastagjald og aflgjald miðast við umsamið afl í samningi um samrekstur og tengingu milli framleiðanda og Veitna fyrir hverja vinnslueiningu/virkjun.

Fastagjald	Stærð	Án vsk	Með 24% vsk
Ósamfasa rafali	Undir 35 kW	95.000	117.800
	35-59 kW	125.000	155.000
	60-99 kW	175.000	217.000

Aflgjald	Án vsk	Með 24% vsk
Árlegt aflgjald kr./MW (umsamið afl)	750.000	930.000

B) Skýringar:

Útgáfa reikninga:

Veitur gefa mánaðarlega út reikninga vegna 1/12 hluta greiðslu virkjunaraðila fyrir fastagjald og áætlaðs aflgjalds. Virkjunaraðili skal gefa út mánaðarlega reikninga vegna greiðslna Veitna skv. B-hluta verðskrár miðað við orku samkvæmt mæli og 1/12 hluta áætlaðrar greiðslu vegna afls. Lokauppgjör fer fram með desember reikningi. Gjaldldagi mánaðarlegra reikninga er síðasti virki dagur næsta mánaðar. Dreifiveita og virkjunaraðili geta gert samkomulag um að gefa út reikninga tvisvar á ári í stað mánaðarlegra kjósi aðilar það og er þá gefinn 15% afsláttur af fastagjaldi.

Tengigjald:

Við tengingu greiðir virkjun tengigjald með eingreiðslu skv. verðskrá Veitna eða kostnaðaráætlun í samræmi við ákvæði raforkulaga.

Ef virkjun er tengd við þá heimaug sem þegar er til staðar er ekki greitt sérstakt tengigjald.

Afsláttur af dreifigjöldum til eigenda smávirkjana undir 100 kW:

Notendur sem uppfylla ákvæði 17.gr.a. í raforkulögum um afslátt til eigenda virkjana undir 100 kW er veittur 50% afsláttur af orkugjaldi og aflgjaldi frá verðskrá um dreifingu og flutning vegna mældrar notkunar sem fer um dreifikerfið. Ekki er veittur afsláttur af fastagjaldi og fasviksgjaldi. Afsláttur nær aðeins til þeirrar notkunar sem samsvarar vinnslu virkjunar á hverjum tíma.

Greiðslur Veitna til virkjunaraðila vegna minni úttektar frá Landsneti:

Virkjun undir 300 kW stærð nýtur að fullu endurgreiðslu á þeim ávinningi sem felst í því að dreifiveita þarf ekki að greiða úttektargjald til flutningskerfisins vegna virkjana undir 300 kW, sbr. ákvæði raforkulaga 5.mgr. 17.gr.a. Upphæðir skulu reiknaðar skv. aflgjaldi, orkugjaldi og gjaldi fyrir flutningstöp í flutningsgjaldskrá Landsnets eins og hún er á hverjum tíma. Endurgreiðsla aflþáttar til ósamfasa virkjana undir 100 kW er í formi lægra fastagjalds, en ekki sérútreikningi. Eingöngu er því greitt til virkjunaraðila orkugjald og gjald fyrir flutningstöp fyrir <100 kW virkjanir.

Vinnslueiningar allt að 16 A stærð:

Vinnslueining allt 16 A stærð telst örvirkjun sem ekki er heimilt að tengja kerfi Veitna sem vinnslueining í skilningi raforkulaga sem hafi heimild til raforkuviðskipta. Örvirkjanir greiða fyrir tengingu skv. tengigjaldskrá Veitna og dreifingu skv. dreifiverðskrá Veitna. Vinnslueiningar af öllum stærðum skal tilkynna til Veitna.